

LÖG
um breytingu á lögum um siglingavernd, nr. 50/2004
(áhættumat hafnaraðstöðu).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

A-liður 3. mgr. 4. gr. laganna orðast svo: staðfesta áhættumat útgerða fyrir íslensk skip og áhættumat hafna og gera áhættumat fyrir hafnaraðstöðu.

2. gr.

Í stað 2. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna koma tveir málslíðir, svohljóðandi: Samgöngustofa gerir áhættumat fyrir hafnaraðstöðuna og staðfestir áhættumat hafnar. Samgöngustofa staðfestir verndaráætlun hafnaraðstöðu og hafnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. mars 2025.

Halla Tómasdóttir.
(L. S.)

Eyjólfur Ármannsson.